

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings, Héðinsbraut, Húsavík.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 6. september 2017 breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030, sem samþykkt var í byggðarráði 17. ágúst 2017.

Í breytingunni felst stækkun miðsvæðis M1 á horni Héðinsbrautar og Laugarbrekku um 0,1 ha og minnkar íbúðarsvæðið Í1 sem því nemur. Heimilt verður að byggja 1.200 m² hótél/gistiheimili á Héðinsbraut 13, hámarkshæð húss 8 m, allt að 2 hæðir.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 6. september 2017.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Hafdís Hafliðadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 21. september 2017